

Þelamerkurskóli


Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar

Skólaakstur: Í samráði við skólastjórnendur tekur bílstjóri ákvörðun þegar skólaakstur er felldur niður vegna óveðurs og/eða ófærðar. Stefnt skal að því að ákvörðun um niðurfellingu skólaaksturs liggi fyrir kl. 7:00 á morgnana. Upplýsingunum er komið á heimasíðu skólans <http://thelamork.is>, á Facebooksíðu skólans og Twitter svæði hans. Hið sama gildir um upplýsingar um röskun á skólaakstri.

Þegar skólahaldi er aflýst:

Upplýsingagjöf:

1. Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á heimasíðu skólans <http://thelamork.is> Facebooksíðu hans og Twitter svæði. Þetta gera skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri.
2. Sendur er tölvupóstur á Ríkisútvarpið með ósk um að tilkynning um að skólaakstur falli niður verði lesin upp í fréttum kl. 7:00, 7:30 og kl. 8:00. Þetta gerir skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri.
3. Starfsmenn fá sms og meta hvort og hvenær þeir komast til vinnu vegna veðurs og ófærðar.



Skólahverfi Þelamerkurskóla er mjög víðfemt og aðstæður misjafnar. Foreldrar þurfa undir öllum kringumstæðum að meta hvort barn eigi erindi í skólann. Foreldrar tilkynna skólanum um forföll vegna veðurs ef þeir treysta sér ekki til að senda barn í skólann vegna veðurs, færðar eða slæms veðurútlits.

Ef senda þarf nemendur heim á skólatíma

Ef upp koma þær aðstæður að senda þarf nemendur heim á skólatíma fer eftirfarandi í gang:

1. Frétt um að skólahaldi sé frestað er sett á **vef skólans, Facebooksíðu hans og Twittersvæði.**
2. Sent er sms á foreldra allra nemenda við skólann.
3. Skólastjórnendur **skipurleggja úthringingu** til foreldra. Miðað er við að haft sé samband símleiðis við foreldra/forráðamenn nemenda í 1. – 4. bekk og gengið úr skugga um að þeir sjái um að tekið sé á móti nemendum við heimreiðina þar sem nemendur að öllu jöfnu fara úr skólabílnum.